



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. nóvember 2023

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun, 479. mál**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 16. nóvember þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Með frumvarpinu stendur til að sameina Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands og Náttúruvannsóknastöðina við Mývatn (RAMÝ), stuðla að frekari þekkingaruppbyggingu og nýsköpun og efla starfsstöðvar á landsbyggðinni. Samtökin skiluðu umsögnum um áform um sameiningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og þegar frumvarp var til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda. Með þessari umsögn eru fyrri sjónarmið samtakanna áréttuð.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að Náttúrufræðistofnun yfirtaki réttindi og skyldur Landmælinga Íslands og RAMÝ. Gert er ráð fyrir að við sameininguna verði starfsfólk Landmælinga og RAMÝ hluti af hinn sameinuðu stofnun og er jafnframt lagt til að heiti stofnunarinnar verði framvegis Náttúrufræðistofnun. Verði sameiningin að veruleika mun fjöldi starfsfólks í sameinaðri stofnun verða alls 72. Samtökin fagna frumvarpinu og telja að um sé að ræða mikilvægar breytingar í þágu hagræðingar og aukinnar skilvirkni í ríkisrekstri. Minni tvíverknaður og skörun verkefna leiðir til betri nýtingar á því takmarkaða fé sem varið er til eftirlits, minni reglubyrði fyrir atvinnulífið og skilvirkari framkvæmd eftirlits. Ein mikilvægasta kerfisbreytingin sem hægt er að ráðast í til að auka skilvirkni og draga úr reglubyrði er að endurskipuleggja starfsemi eftirlitsstofnana þannig að verkefni þeirra séu sameinuð og samþætt en með því má lágmarka tvíverknað og skörun verkefna, segir til dæmis í skýrslu vinnuhóps á vegum forsætisráðuneytisins um eftirlitsstofnanir sem birt var árið 2014. Einfalt, skilvirk og hagkvæmt starfsumhverfi fyrirtækja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtökin vilja hvetja umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að huga að þessu og nýta tækifærið við fyrirhugaðar stofnansameiningar til að endurskipuleggja og auka skilvirkni eftirlits, draga úr opinberum samkeppnisrekstri og auka útivistun.

Hið opinbera hefur lengi verið beinn þátttakandi í íslensku atvinnulífi og spannar samkeppnisrekstur þess nokkuð breitt svið, allt frá meðhöndlun úrgangs til fjármálaþjónustu. Tryggja þarf að starfsumhverfi opinberra fyrirtækja í samkeppnisrekstri sé sambærilegt við



Það sem á við um fyrirtæki á einkamarkaði.<sup>1</sup> Samkeppni við einkaaðila er ýmist stunduð innan einstakra ríkisstofnana eða í sérstökum félögum. Opinberum samkeppnisrekstri fylgja margar áskoranir og hafa þarf sérstakar gætur á að raska ekki samkeppni, til dæmis með skattaundanþágum, hærri launum en á almennum markaði, niðurgreiðslum úr almennasjóðum eða beinum samningum án útboða svo fátt eitt sé nefnt. Opinberar stofnanir eru þarna ekki undanskildar en borið hefur á auknum samkeppnisrekstri hjá Veðurstofnunni, ÍSOR og Landmælingum Íslands ásamt aukinni innhýsingu verkefna í beinni samkeppni við verkfræðistofur á einkamarkaði, en innhýsing opinberra aðila á verkfræðiþjónustu hefur verið mikil og er takmarkandi þáttur fyrir framþróun verkfræðistofa.

Samtökin vilja þ.a.l. hvetja ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála til að nýta tækifærið við sameiningu opinberra stofnana til endurskoðunar á starfsemi þeirra með það að markmiði að draga úr samkeppnisrekstri þeirra og innhýsingu verkefna. Aukin skilvirkni ríkisstofnana er okkur öllum til hagsbóta og með vísan til alls framangreinds vilja samtökin hvetja til þess að málið hljóti góðan framgang og að frumvarpið verði samþykkt. Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir en samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri og eru reiðubúin að veita frekari upplýsingar ef eftir því verður leitað.

#### Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigríður Mogensen

<sup>1</sup> [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Greining-SI\\_Skortur-a-vinnuafli-og-innhysing-verkefna-hja-hinu-opinbera-heftir-voxt-verkfraedistofa-01-07-2022.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Skortur-a-vinnuafli-og-innhysing-verkefna-hja-hinu-opinbera-heftir-voxt-verkfraedistofa-01-07-2022.pdf)